

Fundargerð: Skólaráðsfundur 30. nóvember 2012

Mættir: Kristín skólastjóri, fulltrúar foreldra: Snorri og Marína, fulltrúi kennara: María, fulltrúar nemenda: Magni og Sara Hlín og fulltrúi annars starfsfólks: Brynja Hlíf

Dagskrá:

1. Upplýsingar vegna ofnamála í eldhúsi (framhald af síðasta fundi).
2. Breytt fyrirkomulag á námsmati og annarkerfi. Umræður.
3. Umræða um jafnréttisáætlun Oddeyrarskóla, bið ykkur um að skoða hana á http://www.oddak.akureyri.is/skolanamska/Jafnréttisstefna_ODDáætlun%202012-2013.pdf
4. Niðurstöður skólapúslins kynntar – umræður
5. Innleiðing námskrár í Oddeyrarskóla – staða mála kynnt og umræður.
6. Niðurstöður samræmdra prófa í 4., 7. og 10 bekk haust 2012

1. Ofn í eldhús Oddeyrarskóla:

Kristín gerði grein fyrir að Fasteignir Akureyrar hefðu ákveðið að útvega nýjan fjölkerfa ofn í eldhús Oddeyrarskóla.

2. Námsmat í Oddeyrarskóla:

Kristín kynnti nýtt fyrirkomulag námsmats í Oddeyrarskóla í nóvember og febrúar. Það er svokallað leiðsagnarmat sem fer þannig fram að nemendur meta eigin framistöðu og svo meta kennarar frammistöðu nemenda og í foreldraviðtalinu gefs kostur á að skoða og bera saman mat nemendans og kennara og ræða mögulegar leiðir að nýjum markmiðum. Fulltrúar nemenda voru sammála um að þau hefðu ekki fundið svo fyrir þessu breytta fyrirkomulagi. María er ánægð með þetta fyrirkomulag og foreldrar létu í ljós ánægju með það.

3. Jafnréttisáætlun Oddeyrarskóla:

Kristín kynnti jafnréttisáætlun Oddeyrarskóla 2012-2013. Hún sagði okkur líka frá heimsókn Miu frá Finnlandi sem kom í heimsókn til að skoða jafnréttisáætlunina og var hún mjög ánægð með hana. Skólaráð var sammála um að þessi jafnréttisáætlun væri til fyrirmyndar.

4. Skólapúlsinn:

Skólapúlsinn er könnun sem snýr að líðan, virkni og skóla- og bekkjaranda, hún var lögð fyrir helming nemenda eldri deildar í október síðast liðinn. Þetta er könnun sem er á landsvísu og gefur vísbendingu um stöðu og líðan nemenda miðað við aðra skóla. Nemendur skólans eru að mörgu leyti á svipuðu róli og aðrir skólar s.s. varðandi ánægju af lestri, áhuga á stærðfræði og náttúrufræði, virkni í tímum og í íþróttaiðkun. Oddeyrarskóli sker sig þó úr á neikvæðan hátt varðandi vanlíðan og kvíða sem mælist mun meiri en meðal nemenda í öðrum skólum á landinu. Þá telja margir að skortur sé á aga í tímum og nemendur hafa litla trú á að eigin vinnubrögð skili árangri og að námsgeta sé lítil.

Kristín gerði grein fyrir niðurstöðum og að þær hefðu verið kynntar á kennarafundi. Hún sagði að vissulega hefðu kennarar og stjórnendur áhyggjur af þessum niðurstöðum en hún liti á þetta sem tækifæri til að vinna markvisst að breytingum í jákvæða átt.

5. Ný skólanámskrá:

Kristín sagði frá vinnu við gerð nýrrar skólanámskrár. Verið er að undirbyggja nýja skólanámskrá þ.e. safna upplýsingum, síðan fara starfsmenn skólans í vinnuhópa og vinna að nýrri skólanámskrá. Stefnan er að drög að skólanámskrá verði tilbúin vorið 2013.

6. Niðurstöður samræmdra prófa.

Kristín kynnti niðurstöður skólans í samræmdum prófum 2012. Þar eru bæði ljósir og dökkir punktar og ljóst að betur má ef duga skal. Nokkrar umræður urðu um gildi samræmdraprófa fyrir orðspor skóla og skólaráð hefur af þessu nokkrar áhyggjur.

Fundurinn í heild var góður og málefnalegur og gott að heyra skoðanir nemendanna.

Næsti fundur boðaður 14. desember n.k. kl. 12.30

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 15.30.

Marína Sigurgeirsdóttir
ritari